

Í ágúst- og septembermánuði sl. lagði undirritaður fram fyrirspurnir í borgarráði um ýmsan kostnað vegna kjörinna fulltrúa og embættismanna hjá Reykjavíkurborg og fyrirtækjum í meirihlutaeigu borgarinnar. Lítið hefur verið um svör og alls engin svör t.d. um kostnað hjá Orkuveitu Reykjavíkur, þ. á m. um launamál hjá Orkuveitunni sem vekur spurningar um það hvort launamál o.fl. í tíð stjórnarformennsku Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks þoli ekki dagsljósið. Undirritaður ítrekar kröfu sína um skýr svör við fyrirspurn um launakostnað, ferða- og dagpeningakostnað, veislu- og risnukostnað hjá borginni og fyrirtækjum hennar og hvernig þessi kostnaður deilist niður á borgarstjórnarflokkana fimm. Jafnframt átelur undirritaður harðlega að borgarráðsfundur hafi verið felldur niður í haust vegna ferðalaga kjörinna fulltrúa erlendis, þ. á m. borgarstjóra. Undirritaður spyr hverju það sæti að borgarstjóra vanti aftur á borgarráðsfund í dag vegna ferðalaga erlendis á sama tíma og fjölskyldum í Reykjavík blæðir vegna efnahagshruns, sem orsakast af spillingu og einkavinavæðingu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem nú mynda meirihluta í Borgarstjórn Reykjavíkur í skjóli minnihluta borgarbúa. Nær væri að stjórnámálamenn í Reykjavík tækju til heima hjá sér áður en frekar er þjarmað að efnahag fjölskyldna í borginni og nenntu að sinna fjármálastjórn hennar. Undirritaður lýsir vanþóknun sinni á þeirri leynd, spillingu og græðgi sem einkenna störf núverandi borgarstjórnarmeirihluta.